

Verklags- og úthlutunarreglur 2019

Rannsókn- og Nýsköpunarsjóður Vestur-Barðastrandarsýslu kt. 551208-0520 (hér eftir nefndur Ranniba) sem stofnaður var árið 2008 af Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi setur sér eftirfarandi verklags- og úthlutunarreglur:

1. gr.

Tilgangur.

Tilgangur Ranniba er að styrkja rannsókn- og nýsköpunarverkefni í Vestur-Barðastrandarsýslu til að fjölga atvinnutækifærum. Áhersla skal lögð á verkefni sem tengjast nýtingu staðbundinna náttúruauðlinda.

2. gr.

Samkeppni.

Ranniba styrkir einstaklinga og fyrirtæki/félög á samkeppnismarkaði, en ávallt skal gæta fagmennsku við úthlutun í samræmi við reglur þessar.

3. gr.

Mat á umsóknum.

Umsóknir eru metnar út frá gæðum verkefna og umsókna, markmiðum og áherslum sem fram koma í ákvörðun stjórnar sjóðsins á hverju ári og í samræmi við stofnskrá sjóðsins.

4. gr.

Úthlutunarnefnd.

Stjórn sjóðsins er um leið úthlutunarnefnd og hlutverk hennar er að fara yfir umsóknir og velja þau verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats. Þeir sem sitja í úthlutunarnefnd skulu gæta að hæfisreglum við ákvarðanatöku og víkja sæti ef fyrirliggjandi aðstæður eru til þess fallnar að draga úr trú á óhlutdrægni við val á verkefnum. Við mat á vanhæfi skal hafa til hliðsjónar ákvæði stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 20 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

5. gr.

Umsækjendur.

Umsækjendur skulu vera lögráða einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir eða sveitarfélög í Vestur-Barðastrandarsýslu. Umsækjendur skulu hafa íslenska kennitölu. Heimilt er að styrkja verkefni sem framkvæmd eru á svæðinu og unnin er að mestu eða öllu leyti í samvinnu við aðila á svæðinu, þótt aðalumsækjandi sé búsettur utan svæðisins. Stofnanir, opinber hlutafélög og samtök í meirihlutaeigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera leiðandi aðili í verkefnum styrktum af Ranniba.

6. gr.

Framkvæmd.

Vestfjarðastofa sér um að auglýsa eftir umsóknum og verkefnastjóri tekur við umsóknum og afhendir þær til stjórnar sjóðsins. Stjórn sjóðsins fer yfir umsóknir og ákveður úthlutun. Að úthlutun lokinni sér verkefnastjóri um samskipti við styrkþega og frágang samninga. Gjaldkeri sjóðsins sér um útborgun styrkja í samræmi við samninga við styrkþega.

7. gr.

Auglýsing

Á árinu 2019 verða tvær úthlutanir með umsóknarfresti til og með 1. maí og 1. nóvember 2019. Auglýsa skal eftir umsóknum um styrki með að minnsta kosti tveggja mánaða fyrirvara.

8. gr.

Umsóknir.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á netfang sjóðsins. Í umsókninni skal vera greinargóð lýsing á verkefninu og markmiðum þess, verk- og tímaáætlun, fjárhagsáætlun (kostnaðar- og tekjuáætlun) og upplýsingar um umsækjendur. Umsækjendur þurfa að hafa skilað loka- eða framvinduskýrslum vegna fyrri styrkja, áður en sótt er um til framhaldsverkefnis. Yfirlýsing umsækjanda um að hann hafi ekki fengið og muni ekki þiggja meira en 200 þúsund evrur í stuðning frá opinberum aðilum yfir hvert þriggja ára tímabil þarf að fylgja umsókn, samanber 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnar ESB nr. 1407/2013 frá 18. desember 2013.

9. gr.

Áherslur.

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla rannsóknir og nýsköpun á svæðinu, stuðla þannig að fjölgun atvinnutækifæra, verkefni sem tengjast nýtingu staðbundinna náttúruauðlinda, s.s. fiskeldi, ræktun skeldýra og ferðaþjónusta, sem byggir á náttúru og menningu svæðisins.

Við úthlutun 2019 er litið sérstaklega til umsókna um styrki er varða:

- a) Verkefni sem stuðla að búsetu ungs fólks.
- b) Verkefni sem efla samstarf á milli svæða.
- c) Verkefni sem efla þekkingu á auðlindum svæðisins.
- d) Verkefni sem stuðla að aukinni menningarstarfsemi.
- e) Verkefni sem stuðla að bættri umgengni við umhverfið og náttúru.

10. gr.

Styrkir

Eftirfarandi reglur gilda um styrki úr Ranniba:

- a) Rannibar samkeppnissjóður sem stjórn þess hefur umsjón með samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Umsóknum um styrki þarf að skila á rafrænu formi og eru þær metnar með faglegum hætti út frá trúverðugleika og gæðum umsókna og verkefna, afrakstri þeirra og þeim áhrifum sem þau hafa á rannsóknir, atvinnuþróun, nýsköpun og mannauð í Vestur-Barðastrandasýslu.
- b) Styrkir úr Ranniba þurfa að falla að markmiðum sjóðsins um rannsóknarstyrki og nýsköpunarstyrki.
- c) Styrkir úr Ranniba geta numið allt að 50% af áætluðum heildarkostnaði verkefnisins.
- d) Hámarksstyrkur til styrkþega 1 milljón króna við hverja úthlutun.
- e) Birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega og styrkuppþæð, heiti verkefnis og stutt lýsing á því.

11. gr.

Samningur.

Ranniba og styrkþegi gera með sér skriflegan samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslna, réttindi og skyldur aðila, tímaramma, skil á skýrslum og eftirfylgni. Að öðru leyti ber styrkþega að veita stjórn sjóðsins upplýsingar um framkvæmd verkefnisins og aðgang að bókhaldsgögnum þegar og ef eftir því er leitað.

12. gr.
Greiðslur styrkja.

Um greiðslu styrkja gildir eftirfarandi:

- a) Greiða má styrkinn í tvennu lagi. Fyrri hlutinn, allt að 50%, er greiddur við upphaf verkefnis, þegar styrkhafi hefur staðfest skriflega að vinnan sé hafin. Lokagreiðsla fer fram þegar verkefni er lokið og lokaskýrslu skilað.
- b) Ef ekkert verður af verkefni sem fær styrkvilyrði eða verði verulegar breytingar á því þarf að sækja um frest skriflega til Ranniba, ella er styrkurinn afturkræfur að hluta eða öllu leyti.
- c) Miðað er við að verkefni sem Ranniba styrkir komi til framkvæmda innan eins árs frá úthlutun. Skila þarf framvinduskýrslu og formlegri beiðni um frestun ef óskað er eftir að sá tímarammi sé framlengdur. Að öðrum kosti má styrkþegi búast við að styrkur verði felldur niður.

13. gr.
Styrkhæf verkefni og styrkhæfur kostnaður.

Eftirfarandi reglur gilda um styrkhæfan kostnað í framlögum Ranniba:

- a) Launakostnaður umsækjenda skal miðast við útborguð laun að viðbættum launatengdum gjöldum samkvæmt almennum kjarasamningum. Ekki er heimilt að nota útseldan taxa til viðmiðunar við útreikning launakostnaðar í umsóknum. Hámarkstímakaup í útreikningi eigin vinnuframlags skal þannig vera 3.500 kr/klst.
- b) Ekki er veittur styrkur vegna kostnaðar sem fallið hefur til fyrir 1. maí 2019 vegna þeirra verkefna eða starfsemi sem sótt er um styrki til á árinu 2019.

14. gr.
Óstyrkhæfur kostnaður.

Eftirfarandi kostnaður telst ekki styrkhæfur:

- a) Fjárfestingar í fyrirtækjum, kaup á lóðum eða húsnæði.
- b) Ekki er veittur styrkur til að kaupa almennan búnað, nema um stofnkostnað á búnaði og tækjum vegna þróunarstarfa og nýsköpunar sé að ræða.
- c) Ekki eru veittir styrkir til skráningar menningarminja, forvörslu safngripa, hefðbundinna bæjarhátíða, hefðbundinnar starfsemi íþróttafélaga, hefðbundins safnaðarstarfs eða hefðbundins menningarstarfs innan skóla.
- d) Ekki eru veittir styrkir sem eingöngu renna til atvinnurekstursverkefna. Frekar er litið til verkefna sem snúast um rannsóknir og nýsköpun og hagnýtingu rannsóknarniðurstaða eða miðlunar á afrakstri rannsókna.

15. gr.
Ábyrgð.

Umsækjandi ábyrgist að fullnægjandi leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnisins og notkun heimilda ef þarf og ber ábyrgð á öllum þáttum verkefnisins, framkvæmd þess og afrakstri.

16. gr.
Trúnaður

Umsækjendum er heitið trúnaði varðandi umsóknir þeirra að frátöldum upplýsingum sem gert er ráð fyrir að birta skv. 10. gr.

17. gr.

Endurskoðun.

Verklags- og úthlutunarreglur þessar skal endurskoða árlega, áður en auglýst er að nýju eftir styrkumsóknum til Ranniba.

18. gr.

Staðfesting.

Þannig samþykkt á fundi stjórnar Rannsókn- og Nýsköpunarsjóðs 13. febrúar 2019.